

## Skólafest

Ítrekað er að tímafrestur til að skila athugasemdum um drög að skólafestu

Dalabyggðar er til 30. október 2014.

Drögin má finna á heimasíðu Dalabyggðar.

## Fjallskil

Fjallskil verða birt á heimasíðu Dalabyggðar eftir því sem þau berast á skrifstofu frá fjallskilaneftendum.

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar, Miðbraut 11, er opin kl. 10-14.

Síminn er 430 4700 og símatími kl. 9-13.

Netfang Dalabyggðar er [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is)

## Sælisdalslaug

Netfangið er [gunnarmar@umfi.is](mailto:gunnarmar@umfi.is) og síminn 777 0295 / 434 1465.

Opnunartímar í september

Þriðjudagar kl. 17:00 - 20:00

Miðvikudagar kl. 18:00 - 21:30

Fimmtudögum kl. 15:30 - 18:30

Opið er fyrir eldri borgara á þriðjudögum kl. 15:30-17.

Hópar og fjölskyldur geta haft samband og athugað með að koma í sund fyrir utan opnunartíma ef starfsfólk er á svæðinu.

Breytingar á opnunartímum eru auglýstar á [dalir.is](http://dalir.is) og [ungmennabudir.is](http://ungmennabudir.is)

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Netfangið er [bokasafn@dalir.is](mailto:bokasafn@dalir.is) og síminn 430 4720

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

## Endurvinnslan í Búðardal

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14

## Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Netfangið er [safnamal@dalir.is](mailto:safnamal@dalir.is) og síminn 430 4700

Opnunartímar eftir samkomulag við héraðsskjalavörð.



# DALAPÓSTURINN

12. tölublað, 7. árgangur

26. ágúst 2014

## Byggðasafn Dalamanna - sögustund

Áætlað er að hafa safnið opið annan hvorn sunnudag í vetur með sögustund um ákveðið málefni eða annað sem upp kemur.

Sunnudaginn 31. ágúst er síðasti opnunardagur safnsins í sumaropnun og því tilvalið að hefja vetrarstarfið. Þá verður fjallað um verslun í Skarðsstöð, fyrsta löggilta verslunarstað sýslunnar, þann 1. apríl 1884. Verslunarsaga Skarðsstöðvar er um margt athyglisverð bæði fyrir og eftir að staðurinn varð lögformlega verslunarstaður. Sögustundin byrjar um kl. 14 og aðgangseyrir er 500 kr.

Tillögur að viðfangsefnum er vel þegnar. Einnig ef einhver er tilbúin að stíga á stökk og segja frá einhverju athyglisverðu. Tillögum að efni og fyrirlesurum skal komið á framfæri við safnvörð á netfangið [safnamal@dalir.is](mailto:safnamal@dalir.is).

Sunnudagarnir sem um er að ræða fram að áramótum eru 31. ágúst, 28. september, 12. og 26. október, 9. og 23. nóvember, 7. og 21. desember. Dagskrá hvers og eins sunnudags verður auglýst á [Dalir.is](http://Dalir.is) og Facebooksíðu safnsins.

Þeir sem hafa áhuga á að fara í sund samhliða sögustund hafi samband við Gunnar Má með góðum fyrirvara á netfangið [gunnarmar@umfi.is](mailto:gunnarmar@umfi.is) eða síma 777 0295 / 434 1465.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur